

29. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til iðlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verkaðan eða óverkaðan saltfisk.

Nú er beitt heimild undanfarandi málsgreinar og skal þá við útflutning fiskjarins greiða sjóðgjald er nemi kr. 5.00 á skippund til jafnaðar af öllum verkuðum fiski nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski (nr. 3 og 4), en af þeim fiski greiðist kr. 2.00 á skippund. Af óverkuðum fiski, þar með talinn þveginn og pressaður fiskur, nemi sjóðgjaldið kr. 20.00 á smálest nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski greiðist kr. 5.00 á smálest.

Um innheimtu á sliku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70, 27. júní 1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal með sérstakri reglugerð ákveða nánar um stjórn sjóðsins, skiptingu sjóðgjaldsins á tegundir af verkuðum fiski nema á ufsa, keilu og úrgangsfisk samkvæmt undanfarandi málsgrein, reikningskil, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.

2. gr.

Tekjum þess sjóðs, sem þannig kann að myndast, skal varið, eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkaði, til verðjöfnunar, og til annarra nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstjórnin ákveður.

3. gr.

Nú verður afgangur af tekjum sjóðsins, eftir að þeim hefir verið varið samkvæmt 2. gr., og skal þá skipta því fé, sem ónotað er, milli saltfiskútflytjenda í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett eru samkvæmt 1. gr., varða sektum allt að 200 kr. fyrir hvert tonn fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðastliðnu vori fóru fram samningaumleitanir milli Íslands og Spánar um verzlunarviðskipti milli landanna og var það síðari hluta maimánaðar orðið ljóst, að Ísland mundi verða að ganga að því, að útflutningur á saltfiski héðan til Spánar minnkaði til muna. Þarsem þetta var fyrirsjáanlegt, var það líka ljóst að ríkisstjórnin yrði að geta haft hönd í bagga með útflutningnum til þess að hann kæmi sem jafnast niður á framleiðendur og að takmörkun hans lenti ekki á einum frekar en öðrum og jafnframt til þess að útflutningur á saltfiski gæti orðið í samræmi við innflutningsákvæði í viðskiptalöndunum. Þarsem svo var ástatt, þótti áhjákvæmilegt að setja bráðabirgðalög um þetta efni og voru þau gefin út 25. maí 1934 og gengu þegar í gildi. Eru þau prentuð á fylgiskjali nr. I hér á eftir.

Það varð fljótt ljóst, að nauðsynlegt mundi verða að hafa fé nokkurt til umráða til markaðsleitar, verðjöfnunar o. fl. í þágu saltfiskverzlunarinnar.

Var því það ráð tekið að binda útflutningsleyfin því skilyrði, að útflytjendur greiddu ákveðið gjald í framangreindu skyni, er fiskurinn væri fluttur út. Til þess að slá þessu föstu með lögum þótti óhjákvæmilegt að setja bráðabirgðalög þau, sem prentuð eru á fylgiskjali II hér á eftir og gefin voru út 20. ágúst 1934. Vísast að öðru leyti til greinargerða í upphafi þeirra.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgðalög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dóms- og útvegsmálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna skömmtunar á innflutningi saltfiskjar í sumum viðskiptalöndum Vorum sé það óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fái ihlutunarvald um útflutning þessarar vöru héðan. Telur dóms- og útvegsmálaráðherra því nauðsynlegt að ríkisstjórnin fái vald til þess að ráðstafa útflutningi þessarar vöru- tegundar, svo að hann verði í samræmi við ákvarðanir innflutningslandanna.

Par sem nú er svo ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verkaðan eða óverkaðan saltfisk.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett eru samkvæmt 1. gr., varða sektum allt að 200 kr. fyrir hvert tonn fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 25. maí 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Bráðabirgðalög

um viðauka við bráðabirgðalög 25. maí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að við framkvæmd bráðabirgðalaga 25. maí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á saltfiski, hafi komið í ljós, að æskilegt væri að hafa fyrirmæli í lögum um innheimtu og ráðstöfun á ákveðnu gjaldi er fiskútflytjendur greiddu í þágu saltfiskverzlunarinnar. Hafa aðalútflytjendur saltfiskjar, samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar, myndað sérstakan sjóð í þessum tilgangi, sem er undir umsjá forsætisráðherra, og greitt í hann kr. 5.00 á skipfund (160 kg.) af útfluttum verkuðum saltfiski af þessa árs framleiðslu, en kr. 20.00 á smálest á nokkru af útfluttum óverkuðum saltfiski (frá 5. júlí s. l.). Var frá upphafi afráðið, að þeim sjóði mætti verja samkvæmt ákvörðunum ríkisvaldsins til markaðsleitar, verðjöfnunar o. fl. í þágu saltfiskverzlunar landsmanna.

Eftir að föst skipun hafði verið gerð um slíka sjóðsmyndun í samráði við aðalútflytjendur saltfiskjar, hefir öðrum útflytjendum verið gert að skyldu að greiða jafnhátt gjald við útflutning saltfiskjar til hlutaðeigandi sýslumanna eða bæjarfógeta, svo að aðstaða útflytjendanna yrði sem jöfnust. Um stjórn og ráðstöfun á því fé, er þannig hefir safnast, vantar hinsvegar lagafyrirmæli, og fyrir því teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920, til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Við 1. gr. bráðabirgðalaganna bætist tvær nýjar málsgreinar:

Nú er beitt heimild undanfarandi málsgreinar og skal þá við útflutning fiskjarins greiða sjóðgjald er nemi kr. 5.00 á skipfund til jafnaðar af öllum verkuðum fiski nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski (nr. 3 og 4), en af þeim fiski greiðist kr. 2.00 á skipfund. Af óverkuðum fiski, þar með talinn þveginn og pressaður fiskur, nemi sjóðgjaldið kr. 20.00 á smálest nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski greiðist kr. 5.00 á smálest.

Um innheimtu á slíku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70, 27. júní 1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal með sérstakri reglugerð ákveða nánar um stjórn sjóðsins, skiptingu sjóðgjaldsins á tegundir af verkuðum fiski nema á ufsa, keilu og úrgangsfisk samkvæmt undanfarandi málsgrein, reikningsskil, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.

2. gr.

Á eftir 1. gr. bráðabirgðalaganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 2. og 3. grein, svohljóðandi:

a. (2. gr.) Tekjum þess sjóðs, sem þannig kann að myndast, skal varið, eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkaði, til verðjöfnunar, og til annarra nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstjórnin ákveður.

b. (3. gr.) Nú verður afgangur af tekjum sjóðsins, eftir að þeim hefir verið varið samkvæmt 2. gr., og skal þá skipta því fé, sem ónotað er, milli saltfiskútflytjenda í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 20. ágúst 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.